

Fundargerð 485. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2026, mánudaginn 7. september kl. 10:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir og Elliði Vignisson.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 484. fundar - 2509016HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 484. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 19. ágúst 2026 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Hafnasambandsþing 2026 - 2510001HA

Lögð fram til umræðu drög að dagskrá fyrir Hafnasambandsþing.

Starfsfólki falið að boða til Hafnasambandsþings 2026 ásamt því að miðla upplýsingum til aðildarhafna um fjölda fulltrúa á þingið.

3. Orkuskipti í höfnum og haftengdri starfsemi - 2509019HA

Til umræðu fundur með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þann 31. ágúst sl. um landtengingar og orkuskipti. Einnig var rætt um reglur vegna dýpkana í höfnum.

4. Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - Gjaldaákvæði hafnalaga - óskað umsagnar - 2605001HA

Farið var yfir stöðu mála.

5. Virðisaukaskattur á hringisiglingaskip - 2601003HA

Farið var yfir stöðu mála.

Starfsmanni sambandsins falið að vinna málið áfram.

6. Önnur mál - 2509016HA

Rætt var um dýpkunarframkvæmdir í höfnum á næstu árum m.t.t. þess að dýpkunarskipið Álfnes hefur verið selt úr landi. Formanni falið að vinna málið áfram.

Fundi var slitið kl. 11:15